

BÍDDU, ER ÉG Í STÆRÐFRÆÐI EÐA?!?

Einstaklings-
verkefni



Á fyrstu blaðsíðunum í bókinni Um víða veröld - Heimsálfur má finna nokkur myndrit. Skoðaðu eftirfarandi myndrit og svarðu þessum spurningum; hvers konar myndrit er þetta? Hvað sýnir myndritið? Settu fram tvær staðreyndir út frá hverju myndriti (t.d. Tungumálið sem flestir tala í heiminum er kínverska).

1. efst á bls. 13

2. efst á bls. 15

3. efst á bls. 23




Skoðaðu línuritið sem sýnir mannfjölda á Íslandi inni á www.hagstofan.is hér.

1. Hvað má lesa úr myndritinu?

2. Ef þetta línurit er borið saman við myndritið úr verkefni A má sjá svipað mynstur. Hvað er sambærilegt?

Af hverju ætli það sé?



Settu fram myndrit sem sýnir hvernig mannföldinn skiptist á milli heimsálfanna. Veldu myndrit sem þér finnst henta best til þess að sýna þær upplýsingar sem skýrast.

Þið gætuð t.d. notað Excel (hér er skýringarmyndband) eða teiknað það sjálf upp.

Afurð: Munnleg skil í A og B og myndrit í C.

Viðmið um árangur:

Ég get lesið upplýsingar af ýmis konar myndritum og útskýrt með mínum orðum.

Ég get sett fram myndrit af raunverulegum upplýsingum.

Hæfniviðmið.

Ég get:

Nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert mér grein fyrir hvenær slíkt er gagnlegt og við hæfi,

